

Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994

(skráning samninga og breytinga á leigufjárhæð).

Frá innviðaráðherra.

Samtök leigjenda á Íslandi sendu inn umsögn við þetta frumvarp þann 14. Júní síðastliðinn. Þar kom fram að samtökin telja að frumvarpið sem á uppruna sinn í niðurstöðum átakshóps þjóðhagsráðs sem skilaði niðurstöðum vinnu sinnar um leigumarkaðinn í ársbyrjun árið 2019 taki ekki mið af þeim loforðum sem þar voru sett fram. Í tillögum átakshópsins og í loforðum ríkisstjórnarinnar til stuðnings við lífskjarasamninga voru nokkur atriðið sem fallið hefur verið frá eins og kemur fram í þeirri umsögn.

Samtök leigjenda mótmæla því að sú breyting á húsaleigulögum og almennt þær aðgerðir sem hleypt hefur verið af stokkunum hafa ekki verið til þess fallnar að uppfylla markmið þeirra loforða sem sett voru fram. Samtökin mótmæla því og telja mjög ámælisvert að eftir fjögurra ára vinnu við að ræða neyðarástand á húsaleigumarkaði þar sem fjölmörg atriði hafa komið fram, bæði þær áskoranir sem við er að etja og mýgrútur af tillögum til úrbóta að innviðaráðherra skuli skila af sér frumvarpi sem mælir eingöngu fyrir um skráningarskyldu húsaleigusamningum.

Það er erfitt að koma einhverju í orð þegar fálætið gagnvart leigjendum á íslenskum leigumarkaði nær slíkum lágpunkti, jafnvel eftir áralanga meðhöndlun sérfræðinga og kjörinna fulltrúa. Bæði hefur örvænting og neyð leigjenda verið að engu gerð og ekki síst hefur frumvarphöfundum tekist að útbúa frumvarp sem enginn leigjandi hefur kallað eftir og látið vera að gangast við loforðum sem gefin hafa verið. En við skulum fara yfir það sem Samtök leigjenda á Íslandi hafa að bæta við.

Fyrst ber þess að geta að samtökin telja að skráningarskylda leigusamninga muni engu breyta til batnaðar fyrir leigjendur, en hún er ekki slæm ráðstöfun í sjálfu sér. Frumvarpið gerir þó ekki ráð fyrir því að kjör og hagir leigjenda séu metnir sem viðmið fyrir sanngjarna húsaleigu þegar markmið skráningarskyldunnar hefur náð fram að ganga og því batnar staða þeirra ekkert.

Skráningarskylda sú sem mælt er fyrir um í þessu frumvarpi er tæknilegs eðlis, en hefur ekkert að gera með réttarstöðu leigjenda, íþyngjandi húsnæðiskostnað né framboð á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði. En allt eru það atriði sem samtök leigjenda hafa ítrekað haldið á lofti allt frá stofnun samtakanna. Heimili á leigumarkaði á Íslandi eru að lágmarki 35.000 talsins, að öllum líkindum nærri því að vera 40.000 heimili og stór hluti þeirra býr við mjög íþyngjandi húsnæðiskostnað.

Hægt er að nálgast nokkuð nákvæma tölu um fjölda heimila á leigumarkaði og hag leigjenda út frá þeim fjölmörgu gögnum sem bæði Hagstofan, Þjóðskrá og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafa safnað undanfarna áratugi, ásamt könnunum sem samtök launþega hafa framkvæmt. Það að hárnákvæm tala um raunverulega fjölda á leigumarkaði sé ekki til að skipta og þar með ekki

upplýsingar um krónutölu hvers einasta húsaleigusamnings er engin ástæða fyrir því að ekki sé hægt að vinna markvissa og árangursríka stefnumótun um málefni leigumarkaðarins eins og gefið er í skyn að sé markmiðið í greinargerð þeirrisem fylgir frumvarpinu.

Húsnæðisyfirvöld hafa næga þekkingu og uppfærðar tölulegar upplýsingar um það sem þarf til að meta þróun á íslenskum leigumarkaði. Það er fyrirláttur og gaslýsing að gefa í skyn að það verði ekki fyrr en hver einasti leigusamningur á landinu sé komin í opinbert register, og hafi í kjölfarið verið endurnýjaður og þar með skapað breytingasögu að þá fyrst sé hægt að skilja íslenskan leigumarkað. Um fátt hefur verið meira rætt undanfarið ár en einmitt þær tölulegu upplýsingar sem fyrir liggja og sýna svo ekki verður um villst að mest er þörfin á setja regluverk um leigufjárhæðir og réttarstöðu leigjenda er varðar húsnæðisöryggi til langs tíma og vörslu/greiðslu tryggingafés. Að auki krefjast samtökin að ríki og sveitarfélög axli ábyrgð á lögbundnum skyldum sínum í húsnæðismálum og tryggi öllum íbúum landsins hæfilegt húsnæði á viðráðanlegu verði.

Það var enginn að biðja um frekari gagnaöflun nema Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sú stofnun sem hefur mesta fjölda sérhæfðra starfsmanna við að meta þróun á leigumarkaði. Það er ótrúleg birtæfni að gangast við óskum stofnunar um frekari verkefni sem einungis bæta við ofgnótt tölulegra upplýsinga en láta vera með að gangast við hinu eiginlega verkefni sem er að verja leigjendur á Íslandi fyrir sjálftöku leigusala og fullkomnu réttarleysi.

Það er látið að því liggja að þegar þessi skráningarskylda hefur verið við lýði yfir eitthvert óskilgreint tímabil þá muni breytingar á leigufjárhæðum skapa það sem kallað er sanngjarnt verð. Þetta verður að ávarpa í tvennu lagi.

Í fyrsta lagi þá mun þetta frumvarp í fyrsta lagi koma í gagnið í um mitt næsta ár, en að öllum líkindum ekki fyrr en á seinni helmingi ársins. Þá á eftir að koma útbúa skráningarferlið og gagnagrunnin, kynna það og taka í gagnið. Að öllum líkindum verður það ekki fyrr í fyrsta lagi um mitt árið 2025. Eftir að skráningarskylda hefur verið sett á mun það taka í það minnsta 6 mánuði að fá viðbrögð þeirra sem munu finna sig knúna til að skrá sína samninga. Það verður líklega ekki fyrr en á seinni helmingi ársins 2025 sem sú yfirsýn sem skráningarskylda leigusamninga á að framkalla næst.

Því næst taka við breytingar á leigusamningum, þeim breytingum sem eiga að búa til hið nýja viðmið um sanngjarna húsaleigu. Leigusamningar eru ekki endurnýjaðir nema mest einu sinni á ári og því mun það taka 2-3 ár í viðbót fyrir virkni þessarar skráningarskyldu að koma fram og gefa þær niðurstöður sem sóst er eftir. Það þýðir að leigjendur munu þurfa að bíða í 5-6 ár þangað til að áhrifa frumvarpsins fer að gæta á leigumarkaði. Síðustu sex ár hefur vísitala húsaleigu á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 54% eða helmingi meira en verðlag. Á liðnu ári hefur vísitala húsaleigu á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 8.5%. Ef fram fer sem horfir þá mun húsaleiga halda áfram að hækka í þessum takti, þ.e. 100% meira en verðlag og auka neyð leigjenda af stjarnfræðilegum skala.

Það er sú verðmyndun sem lagt er til samkvæmt þessu frumvarpi að verði viðmiðið fyrir 37. Gr

húsaleigulaga fyrir sanngjarnt leiguverð. Það segir í nógildandi húsaleigulögum að leiguverð skuli vera sanngjarnt og eðlilegt í garð beggja aðila. Ef ykkur sem þetta lesið finnst þróun á leiguverði undanfarin ár og þróun þess um þessar mundir vera eðlilegt og sanngjarnt í garð leigjenda þá óska ég eftir að viðkomandi geri þá afstöðu heyrinkunnuga. Ef ekki, þá ná markmið laganna ekki fram að ganga. Markmiðið með 37 gr húsaleigulaganna er að að leiguverð sé sanngjarnt og eðlilegt fyrir báða aðila, þ.e. Leigusala og líka leigjendur. Sú sanngirni þarf því að taka mið af aðstæðum beggja. Sanngirni varðar grundvallarviðmið um rétta breytni og viðbragð við ranglæti. Það er því mikilvægt að sanngirni ríki í reynd í viðskiptum leigusala og leigjenda eins og kveðið er á um í lögnum.

Þar sem ekki er hægt að treysta á rétta breytni eða skapa aðstæður þar sem jafnræði ríki á milli samningsaðila þarf að setja reglur og ramma um samningsgrundvöll. Á meðan að bæði húsnæðisskortur ríkir, og bæði fyrirtæki og lögaðilar sópa að sér eignum á fasteignamarkaði til þess að styrkja gangverk núverandi þróunar á leigumarkaði mun ekki nást nein sanngirni fyrir leigjendur. Þess vegna er regluverk er fjallar á nánari og réttlátan hátt um leiguverð alger nauðsyn.

Í öðru lagi er líka gert ráð fyrir því að ákveðnar forsendur verði metnar til að mæla sanngirni í verðlagningu eftir að virkni skráningraskyldunnar hefur náð fram að ganga. Þar er vísað í að við breytingu á leigufjárhæð skuli það metið hvort að markmiðum 37. gr. sé fullnægt um sanngirni í verðlagningu. Leigjendasamtökin leggjast gegn því að öll viðmið um sanngirni í verðlagningu sé á forsendum leigusalans. Þau atriði sem eru nefnd eru eftirfarandi:

“Við matið skal einkum litið til markaðsleigu sambærilegs húsnæðis en jafnframt til almenns húsnæðiskostnaðar, þ.m.t. vaxtakostnaðar, skatta og gjalda; staðsetningar, gerðar og ástands leiguhúsnæðis; endurbóta, breytinga og viðhalds sem hvor aðila tekur að sér; leigutíma og annarra sérstakra samningsskyldna og réttinda sem eðlilegt er að hafi áhrif á leigufjárhæðina.

Þarna er eingöngu vísað í þau atriði sem geta réttlætt hækkun leiguverðs s.s. Kostnaður leigusala og markaðsvirði eignar. Hvergi er minnst á þá þætti er skipta fjárhag eða almennan kaupmátt leigjenda sem er hin hliðin á sanngirnis hugtakinu. Ef sanngirni er öll mæld út frá því að verja leigusala þá er mjög ólíklegt að hún skili sér með nokkru móti til leigjenda. Ef það er markmiðið með þessu frumvarpi að skerpa á skilningi á hugtakinu sanngirni í 37. Gr. húsaleigulaganna þá skal að jöfnu meta þá þætti er snerta sársaukamörk og getu leigjenda til að gangast við kröfum leigjenda við hækkun á húsaleigu. Þar mætti nefna atriði líkt og kaupmátt, launaþróun og verðlag sem og að talið verði leigusala til tekna sí-aukið verðmæti eignar og eignamyndun sú sem leigjandi skapar. Að öðrum kosti mun þetta frumvarp eingöngu styrkja stöðu leigusala gagnvart leigjendum og er ekkert borð fyrir báru í þeim efnum.

Það er sérlega bíræfið að eftir fjögurra ára vinnu við að finna leiðir til að milda aðstæður leigjenda á íslenskum leigumarkaði að koma fram með tillögur sem lögfesta ráðandi stöðu leigusala. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir því að forsendur verðlagningar á leigumarkaði séu eingöngu miðaðar við að verja fjárfestingu leigusalans og hagnað hans.

Ekki síst þarf að nefna þá staðreynd að markaðsverð húsaleigu eins og það mælist í verðsjá

húsaleigu hjá Hagstofunni sem og sú þróun á leiguverði sem er til grundvallar vísitölu húsaleigu hjá Þjóðskrá gefur ekki rétta mynd af þróun leiguverðs. Þó að það kunni að hljóma sem mótsögn að samtök leigjenda hafni þessu frumvarpi eins og það liggur fyrir þá eru gildar ástæður fyrir því eins og hefur komið fram hér að ofan. Að auki er það staðreynd að hlutfall þeirra leigusamninga sem er þinglýst mun hærra hjá þeim sem leigja á félagslega reknum leigumarkaði s.s. Hjá Brynju, Bjargi, Félagsbústöðum og þess háttar félögum. Meira er um að lágtekjufólk í minni íbúðum láti þinglýsa samningum en leigjendur með hærri laun í stærri fjölskyldu-íbúðum. Eini núverandi hvati leigjenda fyrir því að þinglýsa húsaleigusamningi er ef sækja á um húsnæðisbætur. Núverandi markaðsverð á húsaleigu er hins vegar orðið það hátt að stór hluti leigjenda sér engan hag í því að þinglýsa því tekjur heimila þurfa að vera það háar til að borga núverandi markaðsleigu að leigjendur myndu ekki fá neinar bætur. Það voru 17.000 heimili sem fengu húsnæðisbætur í fyrra, innan við 50% af heimilum á leigumarkaði.

Það er því ljóst að með því að skylda alla til að skrá leigusamninga og þannig skapa það sem kallað er viðmið fyrir sanngirnishugtakið í 37. Gr. húsaleigulaganna mun eingöngu hafa það í för með sér að mæld markaðsleiga mun hækka. Því með því að notast við þá verðlagningu sem í raun er viðhöfð á leigumarkaði þá mun stærsti hluti þeirra “dýru” leigusaminga verða skráðir, þeirra sem enn eru ekki skráðir og leggjast til grundvallar því sem sanngjarnt á að teljast samkvæmt frumvarpinu. Þannig mun samkvæmt þessu frumvarpi sú verðlagning hljóta lögmæti ofan á allt sem nefnt er hér að ofan.

Leigjendasamtökin hafa allar götur haldið því fram að Verðsjá og Vísitala húsaleigu sýni með mjög hóflegum hætti þá raunþróun sem á sér stað á leigumarkaði. Vitneskja samtakanna kemur með umfangsmikilli heimildarvinnu og samskiptum við mikinn fjölda leigjenda. Niðurstöður skoðanakannana meðal annars frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Hagstofunni um hlutfall leigjenda með íþyngjandi húsnæðiskostnað sýna það ennfremur ítrekað.

Það er því mat Samtaka leigjenda að skráningarskylda leigusamninga muni ekki hafa jákvæð áhrif á þróun húsaleigu. Til þess að svo verði þá þarf að setja önnur viðmið. Samtökin leggjast gegn þeim breytingum á 37. Gr húsaleigulaga sem koma fram í frumvarpinu og telja þær eingöngu til þess fallnar að styrkja stöðu leigusala umfram leigjendur og að með því sé með öllu vikið frá markmiðum greinarinnar um sanngirni og réttlæti.

Samtökin leggjast hins vegar ekki gegn því að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þrói starfsemi sína og bæti gagnasafn sitt, en hafna því algerlega að með því sé réttarstöðu, öryggi eða velferð leigjenda bætt, líklegra er að hún versni með tilkomu skráningarinnar. Hækkun á húsaleigu er á sömu siglingu og áður og því nauðsynlegt að stjórnvöld grípi til raunverulegra aðgerða til varnar leigjendum.

F.h Samtaka leigjenda á Íslandi
Guðmundur Hrafn Arngrímsson.

Meðfylgjandi er fyrri umsögn Samtaka leigjenda frá því 14. Júní 2022.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994

14. Júní 2022.

3. apríl 2019 tilkynnti ríkisstjórn Ísland um aðgerðir ríkisvaldsins til stuðnings kjarasamningum, sem síðan hafa verið kallaðir Lífskjarasamningar. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var því lofað að auka framboð á almennum leiguíbúðum, koma á leigubremsu og að stuðningur við hagsmunasamtök leigjenda yrði aukinn.

Þetta voru veigamestu loforðin sem var beint sérstaklega að leigjendum, sem er sá hópur fólks sem hefur orðið fyrir mestum skaða vegna húsnæðisstefnu stjórnvalda frá því fyrir Hrun. Önnur loforð ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum sneru að kaupendum, byggingarverktökum og öðrum aðilum eignamarkaðar. Um þau loforð verður ekki fjallað hér.

Förum yfir efndir ríkisstjórnarinnar gagnvart leigjendum:

Í lið 6 á loforðalista ríkisstjórnarinnar stóð: Framlög í almenna íbúðakerfinu verði aukin um tvo milljarða króna á hverju ári eða samtals sex ma.kr. á árunum 2020–2022. Með þessu er áætlað að unnt verði að ráðstafa stofnframlögum til byggingar allt að 1.800 íbúða á árunum 2020–2022.

Þótt ekki sé hægt að benda á svik ríkisstjórnarinnar á þessum lið þá má saka hana um aðgerðarleysi gagnvart því að markmið loforðsins náðust ekki. Sveitarfélögin hafa ekki úthlutað lóðum svo hægt sé að uppfylla loforðið. Stjórnvöld hafa ekki á nokkurn hátt brugðist við þeirri stöðu.

Í lið 11 á loforðalista ríkisstjórnarinnar stóð: Ákvæði húsaleigulaga verði endurskoðuð til að bæta réttarstöðu leigjenda, meðal annars hvað varðar vernd leigjenda þegar kemur að hækkun leigufjárhæðar og bættri réttarstöðu leigjenda við lok leigusamnings.

Þetta var svikið. Búið var til frumvarp um mjög veika leigubremsu, sem hefði ekki komið í veg fyrir miklar hækkanir leigu umfram verðlag og laun, en það frumvarp var aldrei lagt fram. Í því frumvarpi var einnig kæruleið fyrir leigjendur sem þurfa að verja sína hagsmuni, en þær ráðagerðir urðu að engu þar sem frumvarpið var aldrei lagt fram. Ríkisstjórnin stóð ekki við loforð sín.

Í lið 13 á loforðalista ríkisstjórnarinnar stóð: Stuðningur við hagsmunasamtök leigjenda verði aukinn.

Þetta var svikið. Samtök leigjenda á Íslandi hafa engan stuðning fengið. Innviðaráðuneytið hefur haldið því fram að þýðingarstyrkur til Neytendasamtakanna sé ígildi stuðnings við hagsmunasamtök leigjenda, en það er fráleit túlkun.

Í lið 15 á loforðalista ríkisstjórnarinnar stóð: Sveitarfélögum verði tryggðar heimildir í skipulagslögum til að gera kröfur um að allt að 25% af byggingarmagni samkvæmt nýju deiliskipulagi skuli vera fyrir almennar íbúðir, félagslegar íbúðir eða aðrar leiguíbúðir, hvort sem eigandi lands er sveitarfélag, ríki eða einkaaðili.

Þetta var svikið.

Þetta er staðan á loforðum ríkisstjórnarinnar gagnvart leigjendum frá 3. apríl 2019, fyrir bráðum þremur og hálfu ári.

Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, tekur ekki á stofnframlögum, ekki á heimildum til sveitarfélaga til að setja kvaðir um hlutfall leiguíbúða í skipulagi og ekkert um stuðning við Samtök leigjenda á Íslandi. Frumvarpið er því staðfesting á þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að svíkja þessi loforð til leigjenda. Ef Alþingi gerði frumvarpið að lögum væri það að blessa þessi svik.

Efni frumvarpsins snertir að sumu leiti loforð nr. 11: Ákvæði húsaleigulaga verði endurskoðuð til að bæta réttarstöðu leigjenda, meðal annars hvað varðar vernd leigjenda þegar kemur að hækkun leigufjárhæðar og bættri réttarstöðu leigjenda við lok leigusamnings.

Ef við brjótum þetta niður þá eru efndir á lið 11 svona:

Efndir á „Ákvæði húsaleigulaga verði endurskoðuð til að bæta réttarstöðu leigjenda, ...“ er mjög veik. Í greinargerð er vísað til kærunefndar húsamála, sem hingað til hefur ekki úrskurðað um leigufjárhæð. Í frumvarpinu sjálfu er ekki tekið fram að kærunefnd húsamála beri að úrskurða um leigufjárhæð og hafi skýra heimild til að lækka leigu né er leigjendum sem senda erindi fyrir nefndina tryggð vernd. Staða leigjenda gagnvart leigusala er mjög veik og þeir óttast að missa húsnæðið ef þeir kæra leigusalan. Það er því að mestu marklaust á vísa leigjendum á kærunefnd húsamála ef þeim er ekki tryggt að þeir haldi húsnæðinu þrátt fyrir kæru. Ef vilji væri til að byggja kærunefnd húsamála sem raunverulega réttarbót fyrir leigjendur þyrfti að setja í lög in ákvæði sem skýra betur vald nefndanna, réttarstöðu þeirra sem kæra og vernd gagnvart hefndaraðgerðum leigusala.

Efndir á „... meðal annars hvað varðar vernd leigjenda þegar kemur að hækkun leigufjárhæðar ...“ eru engar. Frumvarpið ítrekar núverandi ástand, að leigusala sé frjálst að leigja húsnæði á því verði sem hann kys og hækka það eins og hann vill. Þegar meta á hvort leiga sé sanngjörn er fyrst vísað til markaðsverðs. Þetta frumvarp blessar því hækkanir á húsaleigu umfram sannarlegan kostnað leigusala eins og verið hefur frá Hruni. Þótt þetta frumvarp hefði orðið að lögum strax eftir Hrun hefði húsaleigan hækkað álíka og hún gerði, þar sem eina bremsan á markaðinn er markaðurinn sjálfur. Þetta frumvarp gengur því þvert á loforð ríkisstjórnarinnar um bremsu til að draga úr hækkunum markaðarins. Þess í stað blessar frumvarpið markaðinn sem eina mælikvarða sanngirni á leigumarkaði, festir í lög að heimili leigjenda séu markaðsvara sem er háð

sveiflum markaðar af ástæðum sem koma fjölskyldum leigjenda ekkert við. Slík lagasetning gengur þvert á loforð ríkisstjórnarinnar frá 3. apríl 2019.

Efndir á „... og bættri réttarstöðu leigjenda við lok leigusamnings.“ er sömuleiðis veik og óljós. Í frumvarpinu er aðeins getið um að leigjandi og leigusali eða umboðsmenn þeirra skuli gera úttekt á ástandi hins leigða húsnæðis, þ.m.t. á brunavörnum, samhliða gerð leigusamnings og við lok leigutíma. Þetta er ástandið eins og það er í dag. Vandinn er að staða leigjenda er mjög veik og því stýrir leigusali þessari úttekt í svo til öllum tilfellum. Frumvarpið bætir við: „Óháður úttektaraðili skal annast úttektina óski annar aðilinn þess og skiptist kostnaðurinn við úttektina þá að jöfnu milli þeirra.“ Það vita allir sem eru á leigumarkaði að svona krafa getur útilokað að umsækjandi fái húsnæði til leigu. Þetta ákvæði sýnir því, eins og frumvarpið allt, algjöra blindu gagnvart ólíkri valdastöðu leigusala og leigjenda, þar sem annar hefur líf hins nánast í hendi sér.

Ef vilji væri til að bæta réttarstöðu leigjenda við lok leigusamnings ætti að setja í lög að þeir einstaklingar og fyrirtæki sem vilja leigja út húsnæði þyrftu að sækja um opinbert leyfi til þess og gangast undir kvaðir til að fá að leggja eignir inn á leigumarkað, m.a. að láta gera úttektir hjá óháðum aðilum fyrir og eftir leigutíma.

Þetta frumvarp er mjög veikt inn grip inn í leigumarkað sem er í dag stjórnað af bröskurum og okurleigufélögum, þar sem leigjendur njóta lítills réttar og hafa þurft að pola hækkanir húsaleigu sem eru langt umfram það sem réttlæta má með auknum kostnaði leigusala. Þetta ástand er afleiðing húsnæðisstefnu stjórnvalda og þetta frumvarp er því yfirlýsing þeirra um að þau séu sáttt við þessa stöðu og ætli ekki að bregðast við með neinum hætti sem gæti haft áhrif til að styrkja stöðu leigjenda.

Einkenni íslensks leigumarkaðar er örsmár geiri félagslegs leiguhúsnæðis og óregluvæddur almennur leigumarkaður. Í nágrannalöndum okkar er ýmist stór og öflugur geiri félagslegs húsnæðis eða regluvæddur leigumarkaður, víða hvort tveggja. Íslensk stjórnvöld hafa valið að gera hvorugt, hafa kosið að reka hér félagslega tilraun á leigjendum með því að halda félagslegum leigugeira smáum og hald almennum leigumarkaði óregluvæddum. Með þessu hafa stjórnvöld grafið undan líf skjörum tug þúsunda fjölskyldna á leigumarkaði. Þetta frumvarp er staðfesting þeirrar stefnu.

Þetta frumvarp er órafjarri því að geta talist efndir á loforðum ríkisstjórnarinnar gagnvart leigjendum frá 3. apríl 2019. Frumvarpið staðfestir vilja ríkisstjórnarinnar um að svíkja þau loforð. Samþykkt þess væri lögfesting á þessum svikum, staðfesting Alþingis á að ríkisstjórnir eigi að lofa leigjendum ýmsu til að fá verkalýðshreyfinguna til að fallast á minni launahækkanir en svíkja það svo allt.

f.h. stjórnar Samtaka leigjenda á Íslandi
Guðmundur Hrafn Arngrímsson formaður